

REGLUGERÐ

um útflutningsleyfi o.fl.

1. gr.

Útflutningur er frjálss á vörum í þeim tollflokkum, sem taldir eru upp í 4. gr. þessarar reglugerðar. Útflutningur á vörum í öðrum tollflokkum en þar greinir er háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Ráðuneytið getur einnig sett það skilyrði að heimild þess þurfi til að bjóða tilteknar vörur til sölu á erlendum markaði. Ekki þarf leyfi til að senda úr landi sýnishorn sem ætluð eru til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að verðmæti innan við kr. 10 000,00 eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja, þ.á.m. um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala og fleira.

3. gr.

Útflýgjendur skulu veita utanríkisráðuneytinu þær upplýsingar sem það kann að óska um útflutning, svo sem um verð, umboðslaun og markaðshorfur.

Ennfremur getur ráðuneytið krafist þess að fram séu lagðir endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru sem flutt var út í umboðssölu.

Starfsmönnum ráðuneytisins, sem veita viðtöku upplýsingum frá útflýgjendum skv. þessari grein, er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þar kemur fram og leynt á að fara, sbr. 32. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Útflutningur er frjálss á þeim vörum, sem flokkast undir eftirtalin númer íslensku tollskrárinnar:

1504	2007—2009
1704	2101—2209
1806	2501—4017
1905	4104—9706

Ákvæði 1. mgr. ná einungis til innlendra iðnaðarvara en ekki til iðnaðarvara sem eru endurútfuttar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga nr. 4 11. janúar 1988 um útflutningsleyfi o.fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi 8.—10. gr. reglugerðar nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með áorðnum breytingum, og auglýsing nr. 797 22. desember 1983.

Utanríkisráðuneytið, 11. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.